

9. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn 2.nóvember 2024 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru; Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Sólveir Rögnvaldsdóttir Melum 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Einnig er mættur Skúlí Gautason sem starfað hefur fyrir sveitarfélagið undanfarna 6 mánuði.

Oddviti óskaði eftir heimild til að leggja fram til viðbótar mál sem borist hafa eftir að fundargögn voru send út og samþykkt hreppsnefnd það. Þau atriði verða númeruð á eftir þeim sem sem þegar voru skráð.

Dagskrá;

1. Minnisblað varðandi viðhald fasteigna og fleira.
 2. Sorpsamslag Strandasýslu, staða mála, kostnaður og fleira.
 3. Finnbogastaðaskóli, fundargerð skólanefndar lögð fram til kynningar, umræðu og ákvarðana.
 4. Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands lagt fram til umræðu og kynningar.
 5. Bréf frá Brunabótafélagi Íslands lagt fram til kynningar.
 6. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, umsóknir um styrki, Umsagnir sveitarfélags.
 7. Skúli Gautason er gestur fundarins, 6 mán. starfi hans fyrir Árnshrepp er að ljúka.
-
1. Minnisblað varðandi viðhald fasteigna og fleira. Talað hefur verið við pípara sem taka mun að sér að endurnýja hitavatnslögn, áður en tekin verður ákvörðun um varmadælu. Einnig þarf að skoða sameiginlegt vatnsból vegna gruggs í vatni. Farið var yfir kostnað varðandi breytingar á bílskúr í íbúð, gott væri að lækka jarðveginn fyrir ofan húsið til að koma í veg fyrir bleytu. Skólastjórafbúðin er í góðu lagi, kannski er hægt að gera eitthvað betur í kjallaranum. Skoða þarf hvað hægt er að gera fyrir gluggana í félagsheimilinu, og á fleiri húsum hreppsins. Þetta verður skoðað vel og vonandi gert með vorinu. Flísaleggja á klósettum í félagsheimili. Einnig þarf að taka í gegn hluta ónýtt pláss í félagsheimilinu. Laga eitt og annað á Kaupfélagshúsi, svo sem klæðningu, útiljós og þakniðurföll. Einnig þarf að athuga pípulagnir fyrir kaldavatnið, og skoða þarf þakplötur. Laga þarf rennihurð í fiskmóttöku og klára að laga steypuskemmdir í fiskmóttöku, einnig þarf að setja upp betri lýsingu á húsin. Athuga þarf með glugga í kaffihúsi og skoða þakið á því húsi. GAÁ ætlar að skoða fyrir okkur báða löndunarkranana. Athuga þarf með uppsetningar á aðvörunarskiltum. Árétta þarf við byggingarfulltrúa að reyndarteikningar og skráningartafla verði afgreidd svo hægt sé að sækja um niðurgreiðslu á rafmagni í íbúðum kaupfélagshússins. Aðeins var farið yfir

fjármál sveitarfélagsins og talað um framtíðina varðandi þrífösun og ljósleiðaralögn í Krossnes og Fell á næsta ári. Einnig verður haldið áfram að undirbúningi þess að leggja rafmagn og ljósleiðara að Eyri. Skúli gaf að loknum þessum kafla yfirlit yfir horfur og möguleika varðandi hitaveitulagnir.

2. Sorpsamlag Strandasýslu, staða mála, kostnaður og fleira. Ýmislegt þarf betur að fara varðandi sorpmálin, kominn er nýr pappa- og plastgámur í Norðurfjörð. Laga þarf stóra

326.

gáminn svo hægt sé að loka honum. Taka upp málið við Sorpsamlagið, ekki verður tekinn járnagámur fyrir veturinn, og best er að fá bílinn til að koma þegar orðið er fullt. Ákveðið var að bjóða Þorgeiri í heimsókn og einnig var ákveðið að stefna á að halda sorphirðuviku/umhverfisátak að uppástungu Skúla Gautasonar og Delphinar og upplýsa einnig íbúa betur um málin.

1. Finnbogastaðaskóli, fundargerð skólanefndar lögð fram til kynningar, umræðu og ákvarðana. Skólalald hefst á mánudaginn, börnin fara í Drangnes fyrstu vikuna ásamt BJF sem ráðin hefur verið leiðbeinandi til áramóta. Skólaaksturinn var ræddur og hvernig honum verður háttað. Einnig þarf að huga að skólamáltíðum. Oddvita var falið að gera samninga þá sem gera þarf, við leiðbeinanda, bílstjóra og Kaldrananeshrepp. Skólanefnd er falið að undirbúa auglýsingu eftir kennara.
2. Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands lagt fram til umræðu og kynningar. Hreppsnefnd Árneshrepps tók erindið til skoðunar. Árneshreppur hefur fyrst og fremst verið sauðfjárræktarsvæði um aldir og hreppsnefnd sér ekki átæðu til neinna breytinga þar að lútandi.
3. Bréf frá Brunabótafélagi Íslands lagt fram til kynningar.
4. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, umsóknir um styrki, Umsagnir sveitarfélags. Lagt fram til kynningar.
5. Minnisblað til fjárlaganefndar Alþingis varðandi kræklingaeldi. Lagt fram til kynningar.
6. Landsnet; óskar eftir tilnefningu í verkefnaráð vegna tengingar Hvalárvirkjunar. Oddviti var kosin fulltrúi Árneshrepps.
7. Skúli Gautason er gestur fundarins, 6 mán. starfi hans fyrir Árnshrepp er að ljúka. Skúli fór aðeins yfir málin og minnti á að sækja þarf um styrk fyrir verslunarfélagið. Hann nefndi líka íbúafund sem haldinn var í sumar þar sem áhersla var lögð á að sameining er háð samgöngum. Skúli taldi að ráða þyrfti aðstoðarmann á skrifstofu í framtíðinni og telur að hreppsnefnd ætti jafnvel að halda oftari fundi til að ræða málin. Ræddum einnig möguleika á að gera aftur við hann samning t.d. á næsta ári.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:45.

